

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang

Leiðbeiningar fyrir kennara og nemendur

1. Þegar brunaviðvörðunarkerfi fer í gang undirbýr kennari rýmingu. Slökkt er á brunaboða til að kanna hvort eldur sé laus og hætta á ferðum. Ef bjalla fer aftur í gang skal rýma skólann þegar í stað.
2. Kennari athugar hvort **greið leið** sé úr kennslustofu. Ef reykur er á gangi á efri hæðum þarf að bíða aðstoðar slökkviliðs. **Þéttið hurð** með blautu handklæði eða flík. **Bíðið við glugga og hengið veifu** (flík) út um glugga svo slökkvilið sjái að einhver er inni. Opna skal glugga harkalega ef gluggajárn er á honum.
3. Nemendur fara út á inniskóm/sokkum.
4. Kennari tekur með sér **nemendalista og spjald** – og gengur á undan nemendum eftir fyrirfram ákveðinni útgönguleið.
5. Nemendur gangi **fumlaust og ákveðið** á eftir kennara sínum á söfnunarsvæði fyrir neðan skóla. Ekki hlaupa né vera með hávaða. Sá sem er síðastur út úr hverri stofu á að loka hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um húsið.
6. Á **söfnunarsvæði** mynda nemendur röð hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og aðgætir hvort allir hafi komið út. Kennari gefur merki, grænt ef allir hafa skilað sér – rautt ef einhvern vantar. Skólastjóri gefur slökkviliði upplýsingar ef einhvern vantar.
7. Varðstjóri slökkviliðs gefur leyfi til að fara aftur inn í bygginguna. Reynist það ekki hægt stýrir skólastjóri flutningi nemenda í ípróttahús TBR.

Ef um falsboð er að ræða er mikilvægt að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um brunavarnir og fari yfir rýmingaráætlunina með þeim.

Skólaliðar og umsjónarmaður eru síðastir úr húsi og loka útihurðum og hurðum á göngum.

Fyrir starfsmenn Langholtsskóla: Ef brunaviðvörðunarkerfi Langholtsskóla fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Skólastjórnandi, umsjónarmaður eða öryggisvörður fara að stjórnstöflu kerfis og kanna hvaðan brunaboðið kemur. Slökkt er á brunaboða á meðan málið er kannað. Ef eldur er laus og raunveruleg hættu á ferðum eru brunabjöllur og vælur settar aftur í gang og rýma skal skólann tafarlaust.
2. Skólastjórnandi, umsjónarmaður eða öryggisvörður hringir í 112 og gefur skýringar á brunaboðinu – í hverju er kviknað og hvar.
3. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofa sinnar og fara eftir leiðbeiningum sem er að finna í öllum kennslustofum.

Teikningar af útgönguleiðum eru í öllum stofum.

Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin er greið. Hver kennari ber ábyrgð á þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast. Þegar stofa er yfirgefin á kennari að taka með sér nafnalista og rautt/grænt spjald sem hangir við leiðbeiningar um rýmingu.

Veljið neyðarútgang sem merktur er á teikninguna sem greiðastur er.

4. Skólaliðar opna útgönguleiðir hver á sínu svæði. Ritari eða skrifstofustjóri taka bekkjarlista, forfallabók og síma með út.
5. Sá sem síðastur fer út úr kennslustofu eða öðru rými skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reyklæði um húsið.
6. Hver bekkur hefur sinn stað á söfnunarsvæðinu. Mikilvægt er að nemendur standi í einfaldri röð hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. List- og verkgreinakennarar halda utan um sinn hóp á söfnunarsvæði. Kennari gefur grænt merki ef allir eru komnir en rautt ef einhvern vantar. Skólastjóri kannar hvort allir nemendur eru komnir út. Hann kemur upplýsingum til varðstjóra slökkviliðs um stöðu mála.
7. Umsjónarmaður skóla sér um að athuga hvort allt starfsfólk sé komið út á söfnunarsvæðið, ef einhvern vantar skal hann koma því til varðstjóra slökkviliðs og hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni.
8. Beðið skal eftir að varðstjóri gefi leyfi til skólastjórnenda um að fara megi aftur inn í bygginguna. Reynist það ekki hægt stjórnar skólastjórnandi flutningi nemenda í íþróttahús TBR.